

Auglýsing

um breyting á yfirsetukvennahjeruðum í Húnavatnssýslu og Eyjafjarðarsýslu.

Samkvæmt ákvæðum amtsráðsins í Norðuramtinu skulu yfirsetukvenna-
umdæmi í Húnavatnssýslu og Eyjafjarðarsýslu eptirleiðis vera þannig:

I. Húnavatnssýsla:

1. Vindhælishreppur.
2. Engihlíðarhreppur og Torfalækjarhreppur, að undanskildum bæjunum Reykj-
um, Orrastöðum, Hamrakoti, Beinakeldu, Kagaðarhóli og Smyrlabergi.
3. Bólstaðahlíðarhreppur.
4. Svínavatnshreppur, og bæirnir í Torfalækjarhreppi, sem undanskildir eru
2. umdæmi.
5. Áss- og Sveinstaðahreppar.
6. Þorkelshólshreppur að undanskildum bæjunum Kambhól, NeðriFitjum og
Stórahvarfi, og Þverárhreppur útað Vesturhópshólum, að þeim bæ meðtöld-
um, samt bæirnir Þóreyjarnúpur, Vatnshóll og Efra og NeðraVatnshorn í
Kirkjuhvammshreppi.
7. Þverárhreppur út frá Vesturhópshólum, kringum Vatnsnesfjall að Bergsstöð-
um í Kirkjuhvammshreppi, að þeim bæ meðtöldum.
8. Melstaðarprestakall.
9. Staðarbakkaprestakall ásamt bæjunum Kambhól, NeðriFitjum og Stórahvarfi
í Þorkelshólshreppi.
10. Staðarhreppur.

II. Eyjafjarðarsýsla:

- 1.—7. Umdæmi verða hin sömu og auglýst eru í Stjórnartíðindunum B. 1889
bls. 150.
8. Umdæmið verður efri hluti Vallahrepps ofan að Hofsa og Grund.
9. Neðri hluti Vallahrepps að bæjunum Hofsa og Grund meðtöldum.
10. Þóroddsstaðahreppur.
11. Hvanneyrarhreppur, og
12. Grímsey.

Íslands Norður- og Austuramt, Akureyri 18. júní 1901.

Páll Briem.